

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8–10
101 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 24. mars 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru.

Hinn 21. mars sl. lagði fjármála- og efnahagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Frumvarpinu var vísað til efnahags- og viðskiptanefndar að 1. umræðu lokinni. Með tölvupósti, dags. 23. mars sl., óskaði nefndin eftir umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarpið.

Eftir yfirferð yfir frumvarpið vilja SAF koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Tvískipting gjalddaga

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um frestun gjalddaga virðisaukaskatts almennt, heldur aðeins virðisaukaskatts sem greiða ber sem hluta af aðflutningsgjöldum, sbr. b-lið 4. gr. Að mati SAF væri verulegt tilefni til þess að skoða nánar hvort ekki sé unnt að **fresta skilum virðisaukaskatts í viðskiptum innanlands.**

Frestun gjalddaga skatts í staðgreiðslu af launum

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að við mat á því hvort um tekjufall er að ræða verði miðað við a.m.k. þriðjungssamdrátt í rekstrartekjum yfir heilan mánuð samanborið við sama mánuð árið 2019 en hafi atvinnurekstur staðið í tvö ár eða skemur verði heimilt að miða við meðaltekjur síðastliðinna 12 mánaða. Í þessu samhengi telja SAF tilefni til að benda á að á vettvangi samtakanna starfa ýmis minni ferðaþjónustufyrirtæki, t.d. úti á landi, þar sem starfsemin liggur niðri hluta ársins. Til dæmis eru hótél sem loka í september/október, opna að nýju í desember og fram í janúar en loka þá aftur þangað til í apríl/maí. Mögulega er hætt á að slík fyrirtæki muni fara á mis við úrræði 1. gr. frumvarpsins að óbreyttu. Við þessu mætti bregðast með því að bæta nýjum málslíð við 2. efnismgr. 1. gr. frumvarpsins, í þessa veru: ***Í tilviki fyrirtækja sem stunda að jafnaði óverulega starfsemi hluta ársins en hefðbundna starfsemi aðra árshluta er heimilt að miða við skynsamlega áætlað tekjutap.***

Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Í b-lið 5. gr. frumvarpsins er lögð til heimild til endurgreiðslu virðisaukaskatts til mannúðar- og líknarfélaga, íþróttafélaga, björgunarsveitum, landssamtaka björgunarsveita og slysavarnadeilda. Samkvæmt skýringum í greinargerð frumvarpsins eiga þessi félög það m.a. sameiginlegt að ekki fellur til virðisauki í starfseminni enda eru þau ekki starfrækt í viðskiptalegum tilgangi. Að undanförmu hafa borist af því fréttir að tekjufall hafi komið fram í almenningssamgöngum.

Rekstraraðilar almenningssamgangna starfa því utan skattskyldusviðs virðisaukaskatts, skila því ekki virðisaukaskatti og eiga ekki innskattsrétt. **Að mati SAF er tvímælaust tilefni til þess að koma til móts við þessa rekstraraðila með endurgreiðslum virðisaukaskatts.**

Fasteignaskattar

Í 11. gr. frumvarpsins er lagt til að gjaldendum fasteignaskatta sem eiga við tímabundna rekstrarörðugleika að stríða vegna tekjufalls verði heimilt að óska eftir frestun á allt að þremur greiðslum fasteignaskatts sem eru á gjalddaga 1. apríl 2020 til og með 1. desember 2020. Af skýringum við frumvarpsgreinina verður ráðið að einvörðungu er um heimild fyrir gjaldendur að ræða til að óska eftir frestun gjalddaga. Samkvæmt almennum athugasemdum í greinargerð frumvarpsins er gert ráð fyrir að sveitarfélögum verði skylt að verða við slíkum óskum að öllum skilyrðum uppfylltum. Í þessu samhengi vilja SAF koma því á framfæri að sveitarfélögin verða einfaldlega að ganga lengra. Fasteignaskattar nema verulegum hluta af tekjum leigusala og fjárhæð leigugjalda endurspeglar því fasteignaskatta að miklu leyti. Þá vega fasteignaskattar þungt þegar kemur að ferðapjónustu sem byggist á nýtingu fasteigna, t.d. gististaða. Í ljósi tekjufalls munu þau ferðapjónustufyrirtæki sem leigja húsnæði þurfa að semja við leigusala um lækkun leigugjalda fyrir það tímabil sem tekjufallið stendur yfir. Það er augljóst að það verður veruleg forsenda árangursríkra viðræðna að kostnaður leigusala dragist saman. **Það er því nauðsynlegt að fasteignaskattar á atvinnuhúsnæði verði lækkaðir eða felldir niður tímabundið.**

Bílaleigur

Um þessar mundir eru bílaleigur í óða önn að taka bílnúmer af bílaleigum og skila þeim inn í þeim tilgangi að losna undan bifreiðagjöldum. Sú framkvæmd skapar ýmsar flækjur og vinnu hjá bílaleigum, Samgöngustofu og skoðunarstöðvum. Samgöngustofa hefur veitt vilyrði fyrir því að unnt verði að koma því þannig fyrir að bílaleigur tilkynni bíla úr notkun. Á þessum tímapunkti er hins vegar afar óljóst hvort sú framkvæmd muni fella bifreiðarnar undan skattskyldu bifreiðaskatts. Þá telur Samgöngustofa sér ekki fært að fella niður gjöld af afskráningum.

SAF leggja til að við þessu verði brugðist með því að bæta ákvæði til bráðabirgða við frumvarpið sem **heimilar Samgöngustofu að afskrá bílaleigubíla á grundvelli tilkynningar frá ökutækjaleigu. Jafnframt leggja SAF til að afskráningargjald ökutækja verði felld niður tímabundið.**

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason
framkvæmdastjóri